



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2008  
Tilvísun: UST20080400144/bs

**Dettifossvegur, 2. og 3. áfangi, Norðurþingi. Breyting á veglínu og efnistöku, matsskylda.**

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er annars vegar um að ræða tilfærslur veglínu og breytingar á efnistöku. Þessar breytingar eru allar innan rannsóknasvæðis vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umræddar breytingar eru í samræmi við óskir Umhverfisstofnunar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun telur tilfærslur veglínu til bóta. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við breytingar á efnistöku en beinir þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að náíð samráð verði haft við þjóðgarðsvörð varðandi efnistöku og frágang efnistökusvæða.

Að teknu tilliti til ofangreinda atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreindar breytingar á Dettifossvegi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson  
Sviðsstjóri